

ALÞJÓÐLEGUR SKATTARÉTTUR

Ásmundur G. Vilhjálmsson
Laun, þar með talið stjórnarlaun
Þóknanir til listamanna
lífeyrir og eftirlaun o.fl

Glærupakki 6

Vægi 8 til 9

UPPRIFJUN

- Í síðustu glærum höfum við fjallað um ótakmarkaða skattskyldu manna og fyrirtækja samkvæmt 1. og 2. gr. TSL annars vegar og úrlausn tvíheimilisfestar þegar aðili telst samtímis heimilisfastur í tveimur löndum skv. 4. gr. OECD-fm hins vegar
- Í þessum og næstu glærupökkum munum við hins vegar beina kastljósunum að a) **erlendum** aðilum sem afla tekna hér á landi sem takmarkaðri skattskyldu sæta **skv. 3. gr. TSL og** skiptingu skattlagningar réttarins þegar b) **innlendir** aðilar afla tekna sem takmarkaðri skattskyldu sæta erlendis

Um 3. gr. TSL

- Takmörkuð skattskylda. Aðeins unnt að skattleggja ákveðnar tekjur. Nánar tiltekið eru þetta þær tekjur sem taldar eru upp í 1. til 9. tölul. 3. gr. TSL
- **Mín skoðun er sú að túlka beri skatt skylduna þröngt.** Þannig sé aðeins unnt að skattleggja þær tekjur sem ótvírætt eru skattskyldar

Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga sem koma hingað til lands að vinna
 - sæta takmarkaðri skattskyldu skv. 1. tölul. 3. gr. TSL
- og svo skattlagningu hérlandis búsettra manna sem fara til útlanda að vinna
 - þar með talið mildun skattlagningar þeirra

1. tölul. 3. gr. TSL

Hljóðar svo:

- Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr.:
 1. ALLIR MENN, sem **dvelja** hér á landi og **njóta** launa fyrir **störf sín hér**, skulu greiða tekjuskatt af þeim launum

Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda *hér á landi*, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, **þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli**, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili

Allir MENN sem njóta launa. Hvað merkir það?

- Í ákvæðinu er ekkert vikið að **launagreiðand-
anum** sem slíkum. Vegna þessa má spyrja hvort allir þeir sem **njóta launa** á meðan þeir DVELJA hér á landi séu skyldir að greiða skatt jafnvel
 - óháð því hvort þeir eru í vinnu hjá innlendum aðila eða ekki
- Teljist svo vera þyrfti útlendingur sem hingað kæmi í sumarfrí að greiða tekjuskatt af launum er honum hlotnast á meðan. **NEI, ÞANNIG ER ÁKVÆÐIÐ EKKI TÚLKAÐ Í FRAMKVÆMD**

Skattskyldusviðið

- Til að vera skattskyldur þarf nefnilega að fullnægja þremur skilyrðum:
 1. Launagreiðandi verður að vera íslenskt fyrirtæki eða erlent fyrirtæki með fasta starfsstöð hér. Ath. umboðsmann
 2. Vinnan verður að vera innt af hendi hér á landi. Með landi er átt við fastalandið. Sp. með landgrunnið og í framhaldi af því td. vinnu um borð í borpöllum sem hér yrðu reistir
 3. Hlutaðeigandi verður að vera launþegi, það er háður húsbóndavaldi einhvers annars. Verktakar eru því undanskyldir skattskyldunni, sbr. 3. tölul. eða 4. tölul. 3. gr. TSL. Útleigt vinnuafli

„hér á landi“ sjá 2. gr. laga nr. 110/2011

- Með orðunum „hér á landi“ í 1. mgr. er átt við landið sjálft, landhelgina, efna hagslögsöguna og landgrunnið, sem og svæði þar sem Ísland hefur rétt til skattlagningar lögum samkvæmt eða samkvæmt sérstökum samningum við erlent ríki

Gundvöllur skattlagningar

- Hvers vegna skattleggjum við laun takmarkað skattskyldra manna undir þessum kringumstæðum. Tvær ástæður:
 - Teknanna til greiðslu launanna er aflað hér á landi. Ísland skapar með öðrum orðum tekjurnar
 - Launin eru gjaldfærð í rekstri innlends aðila og ganga þannig til lækkunar á tekjuskattsstofni hans
- Vegna þessa er eðlilegt og sanngjarnt að Ísland geti skattlagt launin. Þetta kann að hafa áhrif á túlkun ákvæðisins, sbr. Impregilo málið. Rúm túlkun

Launagreiðandinn

- Í ákvæðinu kemur ekki skýrt fram að launagreiðandinn þurfi að vera innlendur aðili, íslenskt fyrirtæki eða föst starfsstöð erlends aðila
- Á því er hins vegar byggt í framkvæmd. Þannig skattleggjum við almennt ekki starfsmenn erlendra fyrirtækja sem koma hingað til lands til vinnu í skamman tíma. Hvað þá fólk í sumarfríi sem nýtur launa á meðan það dvelur hér á landi í orlofi

Hvað er föst starfsstöð

Úrskurður nr. 47/2010

- Skattrannsóknarstjóri ríkisins krafðist þess að A, stjórnarmanni, framkvæmdastjóra og prókúruhafa Þ ehf., yrði gerð sekt fyrir **að hafa vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af greiðslum Þ ehf. til lettneskra fyrirtækja vegna starfsemi þeirra hér á landi** við uppsetningu húsa sem Þ ehf. flutti til landsins ósamsett
- Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamnings milli Íslands og Lettlands yrðu tekjur hinna lettnesku fyrirtækja **ekki** skattlagðar hér á landi nema þau teldust hafa með höndum **fasta atvinnustöð á Íslandi**
- Af hálfu skattrannsóknarstjóra væri ekki byggt á því að lettnesku fyrirtækin hefðu haft með höndum atvinnurekstur hér á landi út frá fastri atvinnustöð
- Samkvæmt þessu og með vísan til sjónarmiða í dómi Hæstaréttar Íslands frá 14. janúar 2010 í málinu nr. 166/2009 um þýðingu tvísköttunarsamninga við framkvæmd staðgreiðslu opinberra gjalda var talið að enginn grundvöllur væri undir sektarkröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins. Var henni því hafnað

Löglegt en pirrandi

- Til starfa á Norðurlandi og eru 180 daga á Íslandi
- Sleppa við skatta og skyldur ● Búist við hundruðum

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbi.is

Nærri 100 útlendingar eru um þessar mundir að störfum hjá ýmsum aðilum í Þingeyjarsýslum, sem launþegar hjá fyrirtækjum sem eru undirverktakar til dæmis við mann-virkjagerð á svæðinu. Mikil er um-leikis nýðra um þessar mundir, svo sem við virkjun á Þeistareykjum og þá eru framkvæmdir við byggingu kíslvers PCC á Bakka við Húsavík komnar vel af stað.

„Við fylgjumst vel með þróun mála og það eru miklir hagsmunir undir,“ sagði Aðalsteinn Arni Baldursson, formaður Framsýnar – stéttarfélags á Húsavík, í samtali við Morgunblaðið.

Reglurnar verði þrengri

Þegar erlendir starfsmenn koma til starfa á Íslandi er gangurinn oft sá, segir Aðalsteinn Arni, að hér séu þeir 180 daga á ári, en sé dagafjöldinn undir þeirri tölu þárf viðkomandi starfamaður ekki að greiða skatta til íslenska ríkisins og atvinnugreiðandi sleppur jafnframt við ýmis launa-tengd gjöld.

„Þetta er löglegt, en mjög pirrandi því auðvitað þiggur þetta fólk marg-vislega þjónustu af samfélaginu en



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

beistareykir Mikill fjöldi fólks kemur að stórfamkvæmdum nýðra.

greiðir lítið eða ekkert fyrir. Að mínu mati þurfa reglurnar að vera þrengri en nú er. Slíkt myndi skapa meiri festu og öryggi í öllu og jafnframt fengju ríki af þessu fólki. Svo höfum við líka séð þess dæmi að útlendingar séu hreinlega gabbáðir í vinnu, svo sem í ferðaþjónustunni. Fá þá fæði og húsnæði, og varla það og því miður stóðkva krakkar í ævintýraleit á slíkt. Þetta eru oft sorgleg mál svo ég segi þetta hreint út,“ segir Aðalsteinn.

Gert er ráð fyrir að allt að 800 manns komi að framkvæmdum í Þingeyjarsýslum á næstu árum. Háðinn framkvæmda við kíslverð verður á næsta ári, en ráðgert er að startsemi þess hefjist í lok árs 2017.

Tækifæri til að vera með

Aðalsteinn segir að því sé enn ráðrúm til að búa í huginn fyrir komu verkafólksins, en gert sé ráð fyrir að um fjórðungur þess hlöð minnsta verði útlendingar. Í því skyni hafi meðal annars verið settur á laggirnar starfshápur, þar sem fulltrúar sveitarfélagsins, skóla, heilbrigðisþjónustu, stéttarfélags og fleiri eiga sæti. Á þeim vettvangi er nú farið mjög heildstætt yfir mál, þannig að aðbúnaður þessa fólks verði sem bestur og það hafi tækifæri á að taka þátt í samfélaginu.

„Við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði mátti standa betur að málum. Aðsteður sem verkafólk þar voru búnar voru í mörgum tilvikum alls ekki bódlegar. Slíkt má ekki endurtaka sig. Ökkur í verkafóðshreyfingunni rennur þetta raunar mjög til rifja enda lána lífeyrissjóðir launafólksins mikla fjármuni til þessara framkvæmda og málin bara eiga að vera í göðu horfi,“ segir Aðalsteinn Arni.

Morguninn - 24 Nóv 2015 -

Launagreiðandi telst sá sem nýtur ávaxta vinnunnar höfuðstöðin eða FS

- Stundum kemur upp vafa mál hver sé launa greiðandinn. Dvelji starfsmaður HS hér á landi um lengri tíma, lýtur verkstjórn og húsbónda valdi FS er álitamál hvort hann teljist ekki í raun starfsmaður föstu starfsstöðvarinnar
- Eins ætti að fara að þegar um starfsmann erlends dótturfélags hjá innlendu móðurfélagi er að ræða. Ef vinnan gagnast aðallega móðurinni ber að telja hann starfsmann hennar

Framkvæmd vinnunnar

- Vinnan verður að vera innt af hendi hér á landi eða um borð í íslensku skipi eða flugvél, borpalli o.s.frv.
- Ef vinnan er **EKKI** innt af hendi hér á landi eða ... heldur erlendis leiðir af sjálfu sér að 1. tölul. á ekki við
- Muna: „... **njóta** launa fyrir störf sín hér ...“ Hvað þýðir „HÉR“

Merking „fyrir störf sín hér“

- Þarf öll vinnan að vera framkvæmd hér eða er nóg til að koma fram skattskyldu að maður taki við fyrirmælum um framkvæmd vinnunnar hér á landi
- Þegar svo stendur á getur hann lokið vinnunni í heimilisfestar ríki sínu bjóði honum svo við að horfa
- Til að Ísland geti skattlagt verður hlutaðeigandi að inna af hendi vinnu hér. Ekki er því nóg að koma hingað til lands og dvelja einn til tvo daga og fara svo aftur út
- Sé vinnuskilyrðinu fullnægt að hluta er hins vegar ekkert til fyrirstöðu að skipta laununum milli ...

Íslensk skip og flugvélar

- Skip telst íslenskt ef það er skráð hér á landi í skipaskrá. Eins er þessu farið um loftför að breyttum breytanda
- Íslenskt félag eða erlent félag með starfsstöð hér á landi verður auk þess að gera farartækið út. **Þetta leiðir af inngangi ákvæðisins**
- Sé þessu fullnægt skiptir ekki máli hvar skip/loftfar er notað. Áherslan liggur þannig á því að vinnan fari fram um „**BORÐ**“
- Á skipið/loftfarið er nefnilega litið sem íslenskt yfirráðasvæði, náttúrlega framlenginu af landinu

Leiga á skipum/loftförum þurrleiga

- Erlend skip/loftför sem leigð eru hingað til lands teljast ekki íslensk. Starfsmenn um borð í þeim verða því ekki sjálfkrafa skatt skyldir hér á landi
- Öðru máli gegnir um íslenskt skip/loftför sem leigð eru úr landi. Að minnsta kosti er æskilegt að sýna varúð þegar svo stendur á

Hugtakið laun. Launatímabilið

- Skattskyldan tekur til **LAUNA** fyrir störf sem innt eru af hendi hér á landi
- Auk reglulegra launa falla hér undir orlof, uppsagnarlaun, laun í veikindum og slysum
- Ekki skiptir máli hvenær greiðsla er innt af hendi. Maður getur því allt eins verið hættur í vinnunni þegar launin eru greidd
- Ef maður er fluttur úr landi þegar svo stendur á geta þó komið upp vandamál með persónuafsláttinn, sbr. 2. mgr. 69. gr. TSL

Hlunnindi, fríðindi o. fl.

- Hugtakið laun er ekki skilgreint í 1. tölul. 3. gr. TSL. Þá er ekki heldur vísað um merkingu þess til 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL
- Vegna þessa veit maður ekki hversu rúmt hugtakið er. Tekur það t.d. aðeins til reiðufjár, það er peninga, eða eru bæði peningar, fríðindi og hlunnindi undirseld
- Ákvæði 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL gerir greinarmun á launum í reiðufé, fríðu og hlunnindum og er því eðlilegt að spurt sé hvort hið sama beri/verði ekki að gera í 1. tölul. 3. gr. TSL
- **Vöntun á skilgreiningu eigi með öðrum orðum að valda því að túlka beri launahugtakið þröngt**

Dönsku lögin eru skýrari

- Nánar, sjá 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. keldu skattalaganna er hljóðar svo:
 - „Det er uden betydning for skattepligten, hvilken **FORM** vederlaget (launin) udbetales i, samt om retten til indkomsten eller vederlaget er erhvervet efter ophør af arbejdet her i landet.“

Skoðið 2. tölul. 70. gr. TSL

áður en honum var breytt með lögum nr. 128/2009

- Ákvæði 2. tölul. 3. gr. TSL skattgildir þá sem njóta launa frá íslenskum aðilum. Öfugt við 1. tölul. þarf vinnan hins vegar **ekki** að vera innt af hendi hér landi. Um skattlagninguna fer eftir 2. tölul. 70. gr. TSL. Fram til **1. jan. 2010** hljóðaði þetta ákvæði svo.:
 - Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. 3. gr., sbr. þó 4. tölul. þessarar greinar, skal nema 15% af tekjuskattsstofni þeirra
 - Þessi hundraðshluti reiknast m.a. **af launum** ..., **en með launum** [er átt við] hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur
- Hér er semsé að finna skilgreiningu á launum. Gallinn við hana er hins vegar sá að maður **veit ekki** hvort hún tekur til launa í skilningi 1. tölul. 3. gr. TSL. **Skv. orðanna hljóðan einskorðaðist ákvæðið þannig við 2. tölul. og 3. tölul.**

Núna er þetta svona, sjá 3. tölul. 70. gr. TSL

- Tekjuskatt aðila sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi, **sbr. 3. tölul. 3. gr.**, skal reikna sem hér segir:
 - a. 20% af greiðslunni ef um menn er að ræða. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. **AF LAUNUM EÐA ÞÓKNUN-UM** til listamanna og annarra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, **en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi**, - þó ekki gisting og flutningur að og frá landinu - hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur
 - ✓ Eigi skiptir máli hvort maður kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila

Kaup- og söluréttir að hlutabréfum

Sjá 9. og 10. gr. TSL

- Ákvæði 1. tölul. 3. gr. TSL kom í lög 1978, sbr. lög nr. 40/1978. Síðan þá hefur margt breyst. Við höfum t.d. lögfest reglur um kauprétti, sbr. 9. gr. og 10. gr.
- Skv. nefndum ákvæðum er heimilt að skattleggja muninn á markaðsverði og kaupverði hlutabréfa sem laun þegar kaupréttur er nýttur/innleystur
- En hvernig horfir þetta við þegar um erlendis búsetta aðila er að ræða; veitir 1. tölul. 3. gr. TSL **fullnægjandi** skattlagningarheimild þegar svo stendur á

YSÚ 118/2009

Enn þá með lögheimili hér

- Sjá YSÚ 118/2009. Gjaldár 2006. Skattstjóri færði 29.756.076 kr. til skattskyldra tekna í skattframtali kæranda árið 2006 vegna kaupa kæranda á hlutabréfum í X-banka hf. samkvæmt kauprétti sem kærandi hafði öðlast vegna starfa í þágu bankans
- Kærandi hélt því m.a. fram í málinu að óheimilt væri að skattleggja tekjur þessar hér á landi þar sem kærandi hefði dvalið og starfað í Bretlandi frá 1. september 2005 auk þess sem kauprétturinn væri tilkominn vegna starfa hennar þar í landi
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að ágreiningur um heimilisfesti ætti ekki undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003. Yrði því að leysa úr málinu miðað við það að kærandi hefði borið ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Þá var bent á í úrskurðinum að kærandi hefði öðlast greindan kauprétt að hlutabréfum í X-banka hf. vegna starfa í þágu félagsins **hér á landi** þótt hún hefði verið við störf í Bretlandi hjá dótturfélagi X-banka hf. þar í landi á þeim tíma þegar nýting kaupréttarins á árinu 2005 fór fram
- Var ekki fallist á með kæranda að fara bæri með umræddar tekjur sem tekjur af störfum kæranda í Bretlandi þannig að skattlagningarréttur vegna launateknanna væri ekki hér á landi heldur í Bretlandi samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Íslands og Bretlands. Var kröfum kæranda hafnað að öðru leyti en því að 25% álag var fellt niður að virtum fram komnum skýringum kæranda og með vísan til þess að hún hefði gert sérstaka grein fyrir nýtingu kaupréttarins í athugasemdareit í skattframtali sínu

YSÚ 145/2014

Laun eða stjórnarlaun

- Deilt var um skattalega meðferð tekna kæranda vegna kaupa hans á hlutabréfum í X hf. samkvæmt kauprétti
- Kærandi, sem var búsettur erlendis en bar takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna stjórnarlauna frá X hf., hélt því fram að hlunnindi vegna kaupréttar væru ekki liður í endurgjaldi vegna stjórnarstarfa hans heldur endurgjald fyrir sérstök verkefni í þágu X hf. sem kærandi hefði tekið að sér á grundvelli ráðningarsamnings. Fólust þau verkefni einkum í því að samræma starfsemi félagasamstæðu X hf., sem fram fór víðs vegar um heim, og að leita nýrra viðskiptatækifæra
- Yfirsattanefnd taldi að uppruni tekna kæranda af kaupréttinum væri hér á landi en ekki erlendis, enda hefðu hlunnindin verið veitt kæranda af móðurfélaginu X hf. vegna starfa hans í þess þágu. Kærandi hefði því borið takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna tekna af nýtingu kaupréttarins. **Þá var fallist á með ríkisskattstjóra að tekjurnar féllu undir ákvæði um stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur í tvísköttunarsamningi milli Íslands og Bretlands. Skattlagningarréttur teknanna væri því hér á landi**
- Var m.a. bent á í því sambandi að þótt ekki hefði verið um að ræða hefðbundin verkefni stjórnarmanns í hlutafélagi hefðu verkefni kæranda engu að síður verið nátengd stöðu hans sem stjórnarformanns X hf. Var kröfum kæranda hafnað, þar á meðal kröfu hans um niðurfellingu 25% álags

Reiknað endurgjald

er annað vandamál

- Einnig vitum við ekki fyrir víst hvort erlendur aðili (maður eða ráðandi aðili í lögaðila, sbr. 1. mgr. og 4. mgr. 58. gr. TSL) sem stundar atvinnurekstur á fastri starfsstöð hér á landi sé skyldur að reikna sér **endurgjald**
- Og jafnvel þótt talið er að um slíka skyldu sé að ræða hvort Ísland geti skattlagt endurgjaldið. Þannig er hvergi minnst á reiknað endurgjald í 3. gr. TSL
- Skattyfirvöld eru hins vegar ekki í neinum vafa en þau fara sínu gjarnan fram hvað sem lög og reglur segja

Launþegi. Starfsmaður

- Þriðja skilyrðið lýtur að sambandi manns og launagreiðanda. Ákvæði 1. tölul. 3. gr. TSL gildir aðeins að maður sé launþegi
- Skv. því verður hann að vera háður húsbónda-valdi þess sem ræður hann til starfans. Ekki er því unnt að beita ákvæði 1. tölul. 3. gr. TSL ef maður ræður sér sjálfur, er verktaki
- Þar með er ekki sagt að hann sleppi við skatt. Hugsanlega er nefnilega unnt að skattleggja hann skv. 3. eða 4. tölul. 3. gr. TSL

Leiga á vinnuafli

- Undanfarin ár hefur æ algengara orðið að fyrirtæki leigi sér starfsmenn. Stundum er þetta um skamman tíma, stundum langan
- Þegar svo stendur á semur leigutakinn, verkefnaveitandinn, við útleigjandann, um afnot af starfsmanninum um ákveðinn tíma gegn tilteknu gjaldi
- Þjónustukaupandinn greiðir því ekki starfsmanninum launin beint heldur útleigjandinn, þjónustusalinn
- Ef verkefnaveitandinn er föst starfsstöð getur auðveldlega komið upp það álitamál hvort þjónustukaupandinn eða útleigjandinn er vinnuveitandinn

Af hverju skiptir þetta máli?

- Teljist útleigjandinn, það er starfsmannaleigan, vinnuveitandi er ekki unnt að skattleggja starfsmanninu fyrr en hann hefur dvalið hér á landi samfelld lengur en í 183 daga
- Hann sleppur semsé við skatt enda þótt launin, sem hann nýtur, hafi **orðið til hér á landi**
- Fram til 1995 hvíldi skattlagning útleigðs vinnuafls á veikum grunni hér á landi. Úr því var hins vegar bætt með lögum nr. 145/1995
- Samt dugði það ekki til að koma fram skattlagningu í Impregilo málinu. Staðgreiðslan brást

Þröngt og eða rúmt

launahugtaki/atvinnurekendahugtak

- Lesið Impregilo og Stjörnugrís málið

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ...

- Hinn 20. september 2007 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli nr. 523/2006 gegn íslenska ríkinu. Í dómi sínum komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi, **útibú erlends fyrirtækis**, sem stundaði starfsemi hér á landi og notaðist við starfsmenn sem ráðnir höfðu verið af erlendum starfsmannaleigum sem síðan leigðu þá út hingað til lands, teldist vera vinnuveitandi hinna útleigðu starfsmanna og starfsmennirnir því skattskyldir hér á landi, sbr. 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og Ísland ætti skattlagningar réttinn samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamnings milli Íslands og heimaríkis viðkomandi starfsmannaleigna
- **Við mat á því hver teldist vinnuveitandi í þessu tilviki leit Hæstiréttur meðal annars til þess hvaða aðili átti rétt til verksins sem til verður við vinnuna og beri áhættu og ábyrgð á því.** Við alþjóðlega útleigu á vinnuafli séu þessar heimildir almennt hjá þeim sem unnið er fyrir. **Á hinn bóginn væri skyldan til að standa skil á staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögð á launagreiðanda eða þann sem annast milligöngu á launagreiðslum og væri hugtakið launagreiðandi þrengra hugtak en hugtakið vinnuveitandi og ekki eins margþætt**

Impregilo var ekki talin launagreiðandi í skilningi STG
og var því ákveðið að breyta staðgreiðslulögunum til
að taka af öll tvímæli um það
Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein,
svohljóðandi:

- **Vinnuveitandi starfsmanna (Impregilo)** sem ráðnir eru til starfa á grund velli samnings um útleigu á vinnuafli telst **LAUNAGREIÐANDI** þeirra samkvæmt lögum þessum **hafi starfsmannaleigan ekki skatta lagt heimilisfesti hér á landi**

Skattlagning

- Menn sem sæta skattlagningu skv. 1. tölul. 3. gr. TSL skattleggjast á allan hátt eins og heimilisfastir menn
- Skv. því ber þeim að greiða eftir atvikum 22,5%, og 31,8% tekjuskatt og 14,44% útsvar. Heildarskattur þeirra er því 36,94% eða 46,24%
- Þá eiga þeir rétt á persónuafslætti skv. A-lið 68. gr. TSL að fjárhæð 677.358/365 kr. pr. dag. Um uppgjör tekjuskattsstofnsins fer hins vegar skv. 2. mgr. 69. gr. TSL

Tekjuskattur. Sjá 1. tölul. 70. gr. TSL

- Tekjuskatt aðila, sem skattskyldir eru skv. 3. gr., skal ákvarða sem hér segir:
 1. Tekjuskatt manna, sem um ræðir í 1. tölul. 3. gr., skal ákvarða á sama hátt og um er rætt í 2. mgr. 69. gr. Sama gildir ef um **ÓNÝTTAN** persónuafslátt er að ræða
- Skv. því gengur hann til maka/sambúaðila eins og fyrir er mælt í A-lið 68. gr. TSL. Þetta er þó háð því að **maki/sambúðaraðili** sé staðsettur hér á landi (samvistarskilyrðið)

Útsvar

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu

- Um útsvar, sjá 3. mgr. 20. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 24. gr. sömu laga
- Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags **þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á árinu**
- Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 14,52% og eigi lægra en 12,44% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi

Staðgreiðsla, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1987

- Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum tekur til:
 - A. Tekjuskatts manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. og 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum af skattskyldum tekjum skv. 1. tölul., 1. og 2. másl. 2. tölul., 3. tölul. og 1. másl. 4. tölul. A-liðs 7. gr. án nokkurs frádráttar, sbr. þó 2.–5. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. þeirra laga

Hér virðist gert ráð fyrir að launahugtakið í 1. tölul. 3. gr. TSL hafi sömu merkingu og launahugtakið í 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL en svo þarf alls ekki að vera, sbr. það sem áður hefur komið fram enda er tekjuskattur ekki það sama og staðgreiðsla

Atvinnuleyfi, kennitala.

- Til að njóta persónuafsláttar verður maður að hafa skattkort. Skattkort er gefið út á kennitölu skv. þjóðskrá
- Almennt er þetta ekki vandamál þegar EES borgarar eiga í hlut. Aðrir þurfa hins vegar sérstakt atvinnuleyfi
- Úthlutun atvinnuleyfis, skráning í þjóðskrá er því forsenda þess að unnt sé að ráða slíka menn í vinnu

Tryggingagjald

Ég fer úr landi, ég flyt hingað til lands

- Launagreiðendur samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skulu inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögum þessum, sbr. 1. gr. laga nr. 113/1990
- Tryggingagjald hér á landi er samansett úr tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnu(**leysis**)tryggingagjaldi. Tryggingagjald er nú ákveðin prósent (6,60%) af launum viðkomandi starfsmanns en upphæð tryggingagjalds er breytilegt eftir löndum EES ríkja
- Tekjur af almannatryggingagjaldi fara m.a. til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar, almannatryggingar og fæðingar-orlofssjóð, sjá nánar lög um tryggingagjald nr. 113/1990

E-101

- E 101 IS er vottorð um hvaða löggjöf skuli gilda. Vottorðið er einungis notað á Evrópska efnahagssvæðinu (EES svæðinu) og er vottorðið sönnun þess að starfsmaður falli undir íslenska almannatryggingalöggjöf meðan á erlendum starfstíma stendur. Vottorðið er einungis gefið út á launþegann eða sjálfstætt starfandi einstaklinginn. Maki og börn eru einnig tryggð í gegnum E 101 vottorðið svo framarlega sem maki er ekki í vinnu. Nafn maka og barna koma ekki fram á E 101 vottorðinu þó svo að þau falli undir trygginguna. Nöfn maka og barna eru hins vegar skráð í trygginga skrá Tryggingastofnunar sem heldur utan um tryggingaréttindi viðkomandi starfsmanns
- Með því að framvísa E 101 í starfslandi þá er viðkomandi starfsmaður/ sjálfstætt starfandi **undanþeginn því að greiða tryggingagjald til viðkomandi lands**. Vottorðið á að koma í veg fyrir tvígreiðslu gjalda þannig að tryggingargjald sé einungis greitt á einum stað þar sem viðkomandi er skráður í almannatryggingar. E 101 vottorði gæti þurft að framvísa hjá skattayfirvöldum í viðkomandi starfslandi eða hjá þeim aðila sem annast innheimtu tryggingagjalda. E 101 IS er gefið út á íslensku og gefa önnur EES lönd einnig út vottorð sín á sínu eigin tungumáli

E-101

- Launagreiðendur hér á landi verða ekki að lögum krafðir um fullt tryggingagjald af launagreiðslum til erlendra starfsmanna þ.e. borgara í einhverju EES ríkjanna sem ráðnir eru til árs eða skemmri tíma til starfa hér á landi
- Skal því ekki leggja fullt tryggingagjald á launagreiðendur vegna launa starfsmanna ef launagreiðandinn staðfestir með framvísun vottorðsins E-101, útgefnu af bærum yfirvöldum í heimalandi starfsmannsins og aðildarríki EES samningsins, að launþeginn falli undir tryggingalöggjöf þess lands, þrátt fyrir tímabundið starf á Íslandi
- Undanþágan tekur til þess hluta tryggingagjalds sem varið er til atvinnutrygginga, almannatrygginga og félagslegs öryggis, þ.e. þess hluta gjaldsins er rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, Trygginga stofnunar ríkisins og Fæðingarorlofssjóðs. Á staðgreiðsluárinu 2019 er tryggingagjaldshlutfallið vegna þessa hóps 0,425%

Tryggingagjald í %

<u>Tryggingagjald o.fl.</u>	<u>Tekjuár 2016 - 1.1.-30.6</u>		<u>Tekjuár 2016 - 1.7.-31.12.</u>	
	Alm. launþegar	Launþ. m. E- 101	Alm. launþegar	Launþ. m. E- 101
Atvinnutryggingargjald	1.350%		1.350%	
Almennt tryggingagjald	5.900%	0.325%	5.400%	0.325%
Vinnueftirlit				
Staðlaráð				
Icepro				
Fæðingarorlofssjóður	0.650%		0.650%	
Framlag til jöfnunar örorkubyrði				
lífeyrissjóða	0.325%	0.325%	0.325%	0.325%
Tryggingastofnun	4.925%		4.425%	
Tryggingagjald alls (alm. + atv.trgj.)	7.250%	0.325%	6.750%	0.325%
Markaðsgjald	0.050%	0.050%	0.050%	0.050%
Gjald í ábyrgðasjóð launa	0.050%	0.050%	0.050%	0.050%
Tryggingagjald og önnur gjöld alls	7.350% 	0.425%	6.850% 	0.425%
Viðbót vegna slysatryggingar sjómanna	0.65%		0.65%	

Tryggingagjald árið var 2017 6,85% og er það óbreytt 2018 er

	<u>Tekjuár 2017</u>	
	Alm. launþegar	Launþ. m. A1
Atvinnutryggingargjald		
Almennt tryggingagjald	1,350%	
Vinnueftirlit	5,400% 	0,325%
Staðlaráð		
Icepro		
Fæðingarorlofssjóður		
Framlag til jöfnunar örorkubyrði	0,650%	
lífeyrissjóða		
Tryggingastofnun	0,325%	0,325%
	4,425%	
Tryggingagjald alls (alm. + atv.trgj.)	6,750% 	0,325%
Markaðsgjald		
Gjald í ábyrgðasjóð launa	0,050%	0,050%
	0,050%	0,050%
Tryggingagjald og önnur gjöld alls	6,850% 	0,425%
Viðbót vegna slýsatryggingar sjómanna	0,65%	

Iðgjaldafrádráttur

- Takmarkað skattskyldir menn eru skyldir að greiða í lífeyrisjóð
 - Almennt iðgjald sem er 4% af launum og
 - Valkvætt iðgjald (séreign) sem er 4% launum
- Iðgjaldið er svo frádráttarbært frá tekjum skv. 3. og 4. tölul. A-liðar 30. gr. TSL

Skilyrði frádráttarins

- Til að eiga rétt á almenna frádrættinum verður maður að greiða til íslensks lífeyrissjóðs
- Móttakandi valkvæða iðgjaldsins getur hins vegar bæði verið innlendur og erlendur aðila
- Hinn erlendi aðili verður þó að hafa starfsleyfi hér á landi

Erlendir lífeyrissjóðir

- Útlendingar sem koma hingað til vinnu geta **ekki** dregið frá tekjum sínum iðgjald lífeyris til lífeyrissjóða í sínu heimalandi
- Hugsanlega kann þetta að fela í sér brot á EES rétti. Sjá EES kaflann
 - Virkar nefnilega hamlandi á fararfrelsið

Sjómannaafsláttur, sbr. B-lið 67. gr. TSL Afnuminn 1. jan. 2014

- Maður, sem stundar sjómennsku á **íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi**, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf
- Skv. þessu er ekki gert upp á milli heimilisfastra manna og takmarkað skattskyldra manna sem fá laun er falla undir 1. tölul. 3. gr. TSL við ákvörðun sjómannaafsláttar. Allir menn eiga einfaldlega slíkan rétt

Barnabætur, sbr. A-lið 68. gr. TSL

- Með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekju árinu, **sem heimilisfast er hér á landi** og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru **skv. 1. gr.**, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins
- Til að eiga rétt á barnabótum verður foreldri semsé að vera heimilisfast hér á landi. Sama gildir um barnið. Ath. undanþágur. Takmarkað skattskyldir menn eiga því almennt ekki rétt á barnabótum

Vaxtabætur, sbr. B-lið 68. gr. TSL

- Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota... á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum
- Menn, sem sæta takmarkaðri skattskyldu skv. 1. tölul. 3. gr. TSL, eiga því ekki rétt á vaxta bótum. Í því sambandi gildir einu hvort íbúðin er hér á landi eða erlendis

Framtal og álagning

Um framtalið, sjá 90. gr. TSL

- Allir, sem skattskyldir eru skv. I. kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undan þegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr., skulu afhenda ríkisskattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður ...
 - Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtal og undirrita það og skal þá skriflegt umboð fylgja

Hvenær eiga þeir að telja fram? Sjá 3. mgr. 93. gr. TSL

- Þeir menn sem skattskyldir eru hér á landi skv. 1. tölul. 3. gr. og eru á förum úr landi skulu skila framtali til ríkisskattstjóra **eigi síðar en viku fyrir brottför sína**

Ábyrgð á skattskuldum

Sjá 112. gr. TSL

- Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, **bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra**
- Þeir sem greiða aðilum, sem **ekki** eru heimilisfastir hér á landi, (1) gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, (2) einkaleyfi, (3) framleiðslurétti, (4) útgáfurétti eða (5) sérþekkingu, (6) arð af hlutafé eða (7) endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða (8) aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., **bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna → Allar aðrar tekjur en laun og hagnaður af rekstri fastrar starfsstöðvar**

Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga sem koma hingað til lands að vinna
 - sæta takmarkaðri skattskyldu skv. 1. tölul. 3. gr. TSL
- og svo skattlagningu héraðs búsettra manna sem fara til útlanda að vinna
 - þar með talið mildun skattlagningar þeirra

OECD-fyrirmyndin

- Um skiptingu á skattlagningarrétti til launa er fjallað í 15. gr. (almennir starfsmenn) og 19. gr. (opinberir starfsmenn) OECD-fm
- Þetta eru þó ekki einu staðirnir þar sem ræðir um laun. Einnig er fjallað um laun í 16. gr. (stjórnarlaun), 17. gr. (íþróttamenn, listamenn o. fl.,) og 18. gr. (eftirlaun, lífeyri)
- Gagnvart þessum ákvæðum er 15. gr. eins konar varaákvæði. Greinin á því aðeins við ef tekjurnar heyra **ekki** undir önnur ákvæði fyrir myndarinnar. Hin ákvæðin hafa því forgang

15. gr. OECD-md

Meginreglan

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable **only** in that State **UNLESS THE EMPLOYMENT IS EXERCISED IN THE OTHER CONTRACTING STATE**. If the employment is **SO** exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State → **MEGINREGLA**
- ✓ Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, **EINUNGIS SKATTLÖGÐ Í ÞVÍ RÍKI**, nema starfið sé leyst af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er leyst af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu → **VINNULANDINU**

Niðurstaða

Undantekning frá meginreglu í raun
meginregla = VINNULANDSREGLAN

- Það land sem maður er heimilisfastur í hefur einkarétt á að skattleggja laun hans vegna vinnu í því ríki – eins og atvinnurekstur
 - Í því sambandi breytir engu hvort launin eru greidd af innlendum eða erlendum aðila
- Gildir þetta forstakslaust nema vinnan sé innt af hendi í öðru landi – fyrir erlent fyrirtæki eða FS í eigu útlendra aðila
- Keldulandið getur semsé skattlagt þegar svo stendur á nema ... ➔ AÐALREGLA

Undantekning frá **MEGINREGLU**

Vinnulandið hefur ekki rétt á að skattleggja ...

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State **shall be taxable only in the first-mentioned State if:**
- a) *the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned, and*
 - b) *the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and*
 - c) *the remuneration is not borne by a permanent establishment which the employer has in the other State*

Undantekning frá undantekningarreglunni

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í **hinu aðildarríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu**, það er **HEIMILISFESTAR LANDI MANNSINS** ef:
- a) móttakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó **ekki** lengur en 183 daga samtals á sérhverju tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, **og**
 - b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem **ekki** er heimilisfastur í hinu ríkinu, **og**
 - c) endurgjaldið er **ekki** gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu

Túlkun

- Athugið framsetningu ákvæðisins. Undantekningin frá meginreglunni í raun meginregla
- Skv. 1. mgr. hefur heimilisfestarland einkarétt á að skattleggja laun, sbr. **má einungis**
- Meginregla: Þetta gildir þó ekki ef vinnan er innt af hendi í öðru (hinu ríkinu) ríki og launin eiga uppruna sinn þar
- Ef vinnan er bæði innt af hendi í heimilisfestarlandi og vinnulandi ber að skipta laununum. Ekki skiptir máli hvar maður er staðsettur þegar launin eru greidd af hendi. Þetta gildir t.d. um uppsagnarlaun, veikindalaun o. fl.

VINNULANDIÐ

- Ef vinna er innt af hendi í öðru ríki má það ríki skattleggja launin. Heimilisfestarland skattaðila verður því að milda skv. 23. gr. → SKATTAFRÁDRÁTTUR
 - Sjá þó nærræna samninginn, sbr. 15. og 25. gr. → SKATTUNDANÞÁGA meginregla
- Frá þessari meginreglu skal víkja ef skilyrðum 2. mgr. 15. gr. er fullnægt. **MUNA AÐ öllum skilyrðum ákvæðisins þarf að vera fullnægt**

Nánar um undanþágu skilyrðin

Samsetningarregla

- Fela í sér undantekningu frá undantekningarreglu. Þetta hefur áhrif á túlkun. Álitamál er þannig hvort viðhafa beri þrönga eða rúma túlkun
 1. Dvöl í vinnulandi má ekki vara lengur en 183 daga
 2. Laun mega ekki vera greidd af innlendum aðila t.d. dótturfélagi erlends móðurfélags eða fyrir hönd innlends aðila
 3. Laun mega ekki vera greidd af fastri starfsstöð erlends aðila í keldulandi samnings, það er vinnulandinu
- Þessi regla gegnir umfram allt þeim tilgangi að auðvelda fyrirtækjum að senda starfsmenn til annarra ríkja til að setja upp eða saman hvers konar tæki o. fl. sem þau hafa skuldbundið sig til að afhenda uppsett

Úrskurður

yfirskaðtanefndar nr. 177/2012

Ístak. Dvöl náði ekki 183 dögum

- Síðustu ár hefur það færest í aukanna að Íslendingar fari tímabundið til vinnu erlendis og hafa Skattatíðindi KPMG orðið þess vör að sumir haldi að slíkar tekjur komi til með að renna óskertar í þeirra vasa. Af þeirri ástæðu þykir rétt að víkja stuttlega að úrskurði nefndarinnar.
- Íslendingurinn starfaði í Noregi **fyrir íslenskt félag í tæpan einn og hálfan mánuð** og höfðu laun hans í Noregi sætt afdrætti skatts í staðgreiðslu þar. **Við álagningu opinberra gjalda í Noregi fékk hann staðgreiðsluna endurgreidda þar sem ákvæði tvísköttunarsamnings milli ríkjanna heimiluðu Íslandi eingöngu að skattleggja launin en ekki Noregi**
- Íslendingurinn taldi sig ekki þurfa að telja launin frá Noregi fram til skatts á Íslandi. **Það var ekki fyrr en norsk skattyfirvöld veittu íslenskum yfirvöldum upplýsingar um endurgreiðslur að álagning mannsins á Íslandi var endur ákvörðuð til samræmis.** Yfirskaðtanefnd staðfesti að launin skyldu skattlögð á Íslandi enda maðurinn með skattalega heimilisfesti á Íslandi og því skattskyldur hér á landi af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað

183 daga reglan

ákvörðun dagafjöldans

dvalardagar ekki lögheimilistími

- Áður var miðað við 183 daga á hverju almanaksári. Breytt í núverandi horf 1992
- Afmörkun á 183 daga tímabilinu. Ekki sjálfgefið að það sé það sama og í 3. tölul. 1. gr. eða 1. tölul. 3. gr. TSL
- Til tímabilsins teljast komudagar og brottfarardagar svo og allir dagar þar á milli og gildir einu hvort maður er við störf eða ekki. Sjá eftirfarandi dæmi:
 - Dani dvelur hér á landi vegna vinnu frá sunnudagskvöldi til föstudagseftirmiðdags. Við skattauppgörið teljast allir dagar með við ákv. á heildardaga fjöldanum nema laugardagurinn.
- **Sönnunarbyrgðin hvílir á skattaðila/launþega**
- Athugið að þessi talning hefur engin áhrif á persónuafslátt manns. Fjarvistardagar skapa því persónuafsláttarrétt

183 reglan, ólík skattár

„... sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, ...“

- Á Íslandi notum við almanaksárið sem skattár hjá einstaklingum. Ekki er sjálfgefið að samningsríki noti það einnig
- Noti samningsríki annað skattár en almanaksárið er álitamál skattár hvors ríkis skuli miða við
- Almenn skoðun er að nota skuli skattár vinnulands samnings þegar svo stendur á

Launagreiðandinn

b-liður 2. mgr. 15. gr. OECD-fm

- Launin mega ekki vera greidd af innlendu fyrirtæki (atvinnurekanda) eða fastri starfsstöð erlends atvinnurekanda í vinnulandinu
- Vegna þessa er mikilvægt að átta sig á því hvers konar atvinnurekstrarhugtak notað er í greininni. Er það rúmt eða þröngt. Telst t.d. **verkefnaveitandi** útleigðs vinnuafls, þjónustukaupandinn, atvinnurekandi
- 15. gr. tekur til endurgjalds sem skattaðila hlotnast vegna persónulegrar vinnu. Eðlilegt er því að spurt sé hversu rúmt launþegahugtakið sé. Telst **útleigður maður** t.d. starfsmaður eða verktaki

Föst starfsstöð, fastur staður

efni umfram form

- Föst starfsstöð, sjá 5. gr. OECD-fm Fastur staður sjá 14. gr. Ath. ekki lengur í samningsfyrirmyndinni
- Álitamál er hvort launin verði raunverulega að hafa verið gjaldfærð hjá FS eða hvort nóg sé að borið hafi að gjaldfæra launin þar skv. almennum viðskipta-/rekstrarlegum sjónarmiðum, sbr. mgr. 7. gr. OECD fm → **HEIMFÆRSLA, BEIN AÐFERÐ**
- Reglan hefur einnig stoð í grunnsetningunni: efni umfram form. **RAUNVERULEIKAREGLAN**

Annað; sérstök vandamál

- **Landamæraflakkarar. Aðili býr í A og vinnur í B**
- **Sérfræðingareglan. Expatriate.** Eftirsótt vinnuafli
 - An **expatriate** (in abbreviated form, **expat**) is a person temporarily or permanently residing in a country and culture other than that of the person's upbringing or legal residence. The word comes from the Latin term *expatriātus* from ex ("out of") and patriā the ablative case of patria ("country, fatherland").
- **Útsendir starfsmenn. Sjá bók.** Ath. jafnframt famkvæmdina á Norðurlöndunum. Hvaða tilgangi gegnir þetta fyrirkomulag

Fyrirmyndin og útleigt vinnuafli

- Ekki er fjallað um útleigt vinnuafli í FM með beinum hætti. Í 8. tölul. athugasemda við 15. gr. (1992) er þó áhersla lögð á að atvinnurekandi teljist sá sem fari með **raunverulegt** húsbóndavald hverju sinni
- Í Alþjóðlegri skattframkvæmd er þetta túlkað svo að sé **stjórnun** vinnunnar í höndum leigjandans, það er notanda/ verkefnaveitanda vinnuafli síns, teljist hann skilyrðislaust vinnuveitandi – **Sjá Impregilo, Stjórnublikk**
- Hér landi er nú almennt litið svo á að notandinn/ verkefnaveitandinn fari með húsbóndavaldið. Svo er einnig á Norðurlöndunum. **Englendingar og Hollendingar eru hins vegar annarrar skoðunar.** Hjá þeim telst leigusalinn sem sagt vinnuveitandinn

Leigt vinnuafli og norræni tvísköttunarsamningurinn

- Við ákvörðun á því hvort launþegi teljist leigður út ber samkvæmt Norræna samningnum að framkvæma heildarmat þar sem einkum er kannað að hve miklu leyti
 - ✓ verkstjórnin í heild hvílir á verkefnisveitandanum;
 - ✓ vinnan er framkvæmd á vinnustað sem verkefnis-veitandinn hefur til umráða og ber ábyrgð á;
 - ✓ greiðslan til útleigjandans er miðuð við þann tíma sem nýttur er eða með tilliti til annars samhengis milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;
 - ✓ meginhluti vinnutækja og efnis er til ráðstöfunar af hálfu verkefnisveitanda og
 - ✓ útleigjandinn ákvarðar ekki einhliða fjölda launþega og hæfniskröfur til þeirra

Starfsmenn um borð í skipum og loftförum, sbr. 3. mgr. 15. gr. OECD fm

- Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic, or aboard a boat engaged in inland waterways transport, may be taxed in the Contracting State in which the place of **effective management of the enterprise is situated**
- Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar **má** skattleggja endurgjald fyrir starf leyst af hendi um borð í skipi eða loftfari **í flutningum á alþjóðaleiðum** eða um borð í skipi sem notað er til fluttninga innanlands **í því ríki**, þar sem **RAUNVERULEG FRAMKVÆMDASTJÓRN** hefur aðsetur

Af hverju?

- Ákvæði 3. mgr. 15. gr. OECD-fm gegnir þeim tilgangi að tryggja að landið þar sem félagið er heimilisfast í skv. 8. gr. OECD fm njóti líka frádráttarréttar vegna launa starfsmanna um borð
- Algengt er þó að vikið sé fram þessu í einstökum tvísköttunarsamningum

OECD-fm, 19. gr. opinberir starfsmenn, almennt

- Starfsmenn ríkis og bæja sem fara til vinnu erlendis og dvelja þar um nokkra hríð öðlast um síðir **HEIMILISFESTI** í dvalarlandinu
- Byggi dvalarlandið á alheimsreglunni ætti því að vera unnt að skattleggja starfsmennina þar
- Frá alda öðli hafa slíkir aðilar hins vegar notið **FRÍÐHELGI** vegna úrlendisréttar. Almennt er vinnulandinu því fyrirmunað að skattleggja þá
- **Ákvæði 19. gr. OECE-fm byggir á þessari grundvallarreglu**

1. mgr. a-liðar 19. gr. OECD fm

- a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services **rendered to that State or subdivision or authority** shall be taxable only in that State
- ✓ Endurgjald, laun og hliðstæðar greiðslur **að undanteknum eftirlaunum**, sem greitt er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns **fyrir launuð störf hans í þjónustu þess ríkis**, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal **EINUNGIS** skattleggja í því ríki

1. mgr. b-liður 19. gr. OECD fm Undantekning frá meginreglu

- b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
 - (i) is a national of that State; or
 - (ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the
- b) Slíkt endurgjald, laun og hliðstæðar greiðslur skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er heimilisfastur ef starfið er leyst af hendi þar og maðurinn:
 - (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
 - (ii) tók **ekki** upp heimilisfesti í því ríki **einvörðungu** í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi

19. gr., skipting skattlagningarréttar

Meginregla

- Laun opinberra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga þar með talið hvers konar undirdeilda þeirra sem sendir eru til vinnu erlendis má einungis skatt leggja í **greiðslulandinu** það er upprunalandi teknanna
 - Heimilisfestarlandið, ríkið, sem starfsmaðurinn býr í, hefur því ekki rétt á að skattleggja. **MEGINREGLA**
- Þessi regla gildir þó ekki ef móttakandi greiðslu innir starfið **ekki** af hendi í **greiðslulandinu** heldur öðru ríki þar sem hann er heimilisfastur enda sé hann
 1. ríkisborgari í vinnulandinu eða
 2. tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa umrætt starf af hendi

Nánar um opinbera starfsmenn. Hverjir eru þetta?

- Starfsmenn ríkisins en með því er einkum átt við starfsmenn utanríkisráðuneytisins o. s. frv.
- Einnig starfsmenn ýmissra undirstofnana ríkisins. Hér til teljast t.d. starfsmenn spítalanna, skólanna, Hafrann sóknarstofnunar, Landhelgisgæslunnar o. fl.
- Starfsmenn sveitarfélaga eru í sömu stöðu og starfsmenn ríkisins
- Loks má nefna starfsmenn sjálfseignarstofnana. Nokkur óvissa ríkir þó um þennan hóp. Gildir það jafnvel þótt hið opinbera kosti að stærstum hluta starfsemi þeirra

3. mgr. 19. gr. OECD fm Almennur atvinnurekstur

- The provisions of Articles 15, 16, 17, and 18 shall apply to salaries, wages and other similar remuneration, and to pensions, in respect of services rendered in connection with a **business** carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof
- Ákvæði 15., 16. og 18. gr. skulu gilda um endurgjald, laun og hliðstæðar greiðslur svo og um eftirlaun greidd fyrir störf leyst af hendi í sambandi við **ATVINNUSTARFSEMI** sem rekin er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess
 - Ákvæði 1. mgr. 19. gr. OECD-fm taka semsé **ekki** til þessara tekna

Opinber atvinnurekstur

- Skipting réttar til að skattleggja þá sem vinna hjá opinberum atvinnufyrirtækjum fer eftir 15. gr. OECD -fm
- Helgast þetta af því að litið er á slíka einstaklinga sem starfsmenn hlutaðeigandi fyrirtækis (hf./ehf. og jafnvel ohf.) í stað eigandans, það er ríkisins
- Opinber atvinnurekstur. Starfsemi Póst og síma, Landsvirkjunar, Vegagerðarinnar o. fl. gagnstætt Heilbrigðisþjónustunni, Lögreglunni, Landheglisgæslunni

Skoðum núna norræna tvísköttunarsamninginn

- ... og athugum hvernig þetta horfir við í honum
 - Almenn vinna, sbr. 1. mgr. 15. gr.
 - Opinberir starfsmenn, sbr. 19. gr.
 - Vinna um borð í skipum/**flugvélum** í alþjóðlegum flutningum, sbr. 3. mgr. 15. gr.
 - Vinna um borð í fiskiskipum, sbr. 4. mgr. 15. gr.
 - Skoðum svo sjómannaafsláttinn, barna- og vaxta bæturnar

Vinna í einkageiranum

Sá 1. og 2. mgr. 15. gr. NOR

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20. og 21. gr. skulu starfslaun og annað svipað endurgjald sem aðili heimilis fastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, **einungis** skattlögð í því ríki, **nema starfið sé leyst af hendi í öðru samningsríki → einskattlagning**
 - Ef starfið er leyst af hendi í **öðru samningsríki** **má** skattleggja endurgjaldið fyrir starfið **þar → tvískattlagning, svo virðist að minnsta kosti vera við fyrstu sýn**
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki (Íslandi) fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í öðru samningsríki (Noregi), einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu (Íslandi), ef
 - a. viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri tímabil, sem samanlögð fara ekki yfir 183 daga á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á umræddu tekjuári, og
 - b. endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitenda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og
 - c. endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu, og
 - d. ekki er um að ræða útleigu á vinnuafli**

Vinna hjá því opinbera

Sjá 19. gr. NOR

- Laun og annað svipað endurgjald (að undan skyld um eftirlaunum), sem greitt er af samnings ríki eða af opinberum aðila, sveitarstjórn eða opinberri stofnun í því **til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa ríkis eða opinbera aðila, sveitarstjórnar eða opinberu stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki** → greiðslulandinu af virðingu við það ríki

Hin norrænu ákvæði eru í samræmi við fyrirmyndina

- **Almenn vinna.** Eins og þið sjáið má vinnu landið skattleggja vinnu sem innt er af hendi á yfirráðasvæði þess
- ... og þar sem heimilisfestarríkið getur líka skattlagt eru tekjurnar tvískattlagðar. Heimilisfestarríkið verður því að **milda** og skulum við nú skoða hvernig það horfir við
- **Opinbert starf.** Einskattlagning

... mildun tvískattlagningar
samkvæmt a-lið 4. tölul. 25. gr. NOR
hverju er verið að lýsa

- Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur [...] **sem einungis skal eða má** skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings **í öðru samnings-ríki**, skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, **lækka íslenska tekju- [...] skattinn með því að draga frá þann hluta tekju- [...] skattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er [...] í hinu ríkinu → Skattundanþága**

Þetta ákvæði er ekki nógu skýrt

- Ég veit t.d. ekki hvort Ísland hefur afsalað sér skattlagningarrétti,
 - sbr. orðið **má** sem gefur til kynna að Ísland eigi skattlagningarrétt
- Þá er óskýrt hvort telja beri hinar erlendu tekjur með í skattstofninum hér á landi eða einungis með við útreikning skattsins

Skoðum því til samanburðar b-lið 1. tölul. sömu greinar það er danska ákvæðið

- Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem einungis skal [eða má: vantar] skatt leggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki **má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni**, en frá dönskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu

Samanburður Ísland og Danmörk

- Ljóst er af þessu að Danmörk hefur afsalað sér skattlagningarrétti
- Ekki orkar heldur tvímælis að við útreikning á mildun tvískattlagningar ber að telja hinar erlendu tekjur með í skattstofninum

Skoðum núna b-lið 4. tölul. 25. gr. NOR
hvergi fjallað um tekjur skv. 1. mgr. 15. gr.
Skattundanþága er því meginregla

- Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur **sem** skattleggja **MÁ** í öðru samningsríki samkvæmt 10. gr., 7. mgr. 13. gr., **3. mgr. 15. gr.**, 16. gr. eða 1.- 6. mgr., c-lið 7. mgr. og 8.-9. mgr. 21. gr. **skal** Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila **FJÁRHÆÐ sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu samningsríkinu**
- Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu
→ **Skattfrádráttur takmarkast við ákveðnar tekjur**

Niðurstaða

Almenn vinna erlendis

Aflétting tvískattlagningar

- Milda ber samkvæmt **skattundanþáguaðferð** með stighækkunarfyrrvara
- Af samanburði íslenska og danska ákvæðisins eru hins vegar meiri líkur en minni að danska ákvæðið vísi til
 - Nýju aðferðarinnar en íslenska ákvæðið til
 - Gömlu aðferðarinnar
- Hinar **erlendu** tekjur teljast því ekki til tekjuskatts stofnsins sem þýðir að vafasamt getur verið að skerða t.d. vaxtabætur/barnabætur vegna þeirra

Útreikningur MILDUNAR

Skattundanþága og skattfrádráttur

Mildunin er 29% ...

Tekjur 2018. Álagning 2019	Ísland	Hitt ríkið	Samtals
Tekjuskattsstofn	5.000.000	2.000.000	7.000.000
Hlutfall	71	29	100
Tekjuskattur:			
1. Þrep. 22,5 af tekjuskattsstofni að 10.724.553	1.125.000		1.575.000
2. Þrep. 31,8% skattur af tekjuskattsstofni frá 10.724.554	0		0
Reiknaður tekjuskattur	1.125.000		1.575.000
Persónuafsláttur	-459.185		-646.739
Tekjuskattur til greiðslu	665.815		928.261
Reiknað útsvar, 14,44% af tekjuskattsstofni	720.000		1.008.000
Tekjuskattur og útsvar til greiðslu	1.385.815		1.936.261
Sænskur skattur. 42%		840.000	840.000
Mildun tvískattlagningar. 29% af 1.936.261 kr. jafnt og 553.217 kr.	0		-553.217
Skattur alls	2.225.815		2.223.044

SÉRREGLUR UM FARMENN

Sjá 3. mgr. 15. gr. NOR

skattfrádráttur

- Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar **má** skattleggja endurgjald fyrir störf unnin um borð í dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku eða sænsku skipi í **flutningum á alþjóðaleiðum í því samningsríki þar sem skipið er skráð**
 - Ath. t.d. útgerð Eimskipa í Færeyjum
- Er tvískattlagningunni sem þetta veldur síðan aflétt með skattfrádrætti skv. b-lið 4. tölul. 25. gr. NOR; skattfrádráttur → bæði Ísland og **samningsríkið þar sem skipið er skráð mega skattleggja**

YSÚ 108/2018

- Kærandi, sem bar ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, hafði launatekjur frá Danmörku vegna starfa um borð í flutningaskipi sem skráð var þar í landi
- Yfirsattanefnd taldi að beita bæri frádráttar aðferð samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun vegna umræddra tekna kæranda frá Danmörku
- Þar sem ekki var um að ræða neinar skatt greiðslur af tekjunum í Danmörku kom ekki til frádráttar frá íslenskum skatti af þeim. Var kröfum kæranda hafnað

Útreikningur MILDUNAR

Skattundanþága og skattfrádráttur

Mildunin er 29% ...

Tekjur 2018. Álagning 2019	Ísland	Hitt ríkið	Samtals
Tekjuskattsstofn	5.000.000	2.000.000	7.000.000
Hlutfall	71	29	100
Tekjuskattur:			
1. Þrep. 22,5 af tekjuskattsstofni að 10.724.553	1.125.000		1.575.000
2. Þrep. 31,8% skattur af tekjuskattsstofni frá 10.724.554	0		0
Reiknaður tekjuskattur	1.125.000		1.575.000
Persónuafsláttur	-459.185		-646.739
Tekjuskattur til greiðslu	665.815		928.261
Reiknað útsvar, 14,45% af tekjuskattsstofni	720.000		1.008.000
Tekjuskattur og útsvar til greiðslu	1.385.815		1.936.261
Sænskur skattur. 25%		500.000	500.000
Mildun tvískattlagningar. 29% af 1.936.261 kr. jafnt og 553.217 kr. þó ekki hærri fjárhæð en 500.000 kr.	0		-500.000
Skattur alls	2.225.815		2.223.044

Sérreglur um sjómenn á fiskiskipum

Sjá 4. mgr. 15. gr. NOR

Ekki tvískattlagning

- Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skattleggst endurgjald fyrir störf unnin um borð í
 - a) **loftfari** í flutningum á alþjóðaleiðum **EINUNGIS** í því samningsríki þar sem sá er aflar endurgjalds ins er heimilisfastur;
 - b) fiskveiði-, selveiði- eða hvalveiðiskipi **EINUNGIS** í því samningsríki þar sem sá er aflar endurgjalds ins er heimilisfastur, einnig þótt endurgjaldið miðist við ákveðinn aflahlut eða ágóðahlut af fisk-, sel- eða hvalveiðunum

Ekki tvískattlagning ein skattlagning

- Ef sjómaðurinn er heimilisfastur hér hefur Ísland einkarétt á að skattleggja
- Tekjurnar eru þess vegna ekki tvískatt lagðar og fyrst svo er þarf ekki að milda

Sjómannafsláttur

Ef skipið sem maður stundar sjómennsku á er ekki íslenskt njóta þessir menn hins vegar ekki sjómannaafsláttar, sbr. B-lið 67. gr. TSL
Klár mismunun??? Virkar sem hindrun

- Maður, sem stundar sjómennsku á **íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipa félagi**, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómanna afsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjó mannsstörf

Úrskurður nr. 97/2013

- Sjómanni sem stundaði sjómennsku á pólskum togara synjað um sjómannaafslátt við álagningu hér á landi. Ath. útgerðin var íslensks
- Maðurinn var heimilisfastur hér á landi og greiddi fullan skatt af sjómanns-laununum hér. Skattfrádráttur

Barnabætur

- Með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins
- ✓ Maður sem flytur úr landi tímabundið og fellir **ekki** niður heimilisfesti sína heldur því barna bótum sínum óskertum. Við mildun skv. skattundanþágu með stighækkunarfyrirvara er jafnframt óvíst hvort hinar erlendu tekjur teljist til skattsstofnsins

VAXTABÆTUR

- Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðar húsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á [...] á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum
- ✓ Maður sem flytur úr landi tímabundið og fellir **ekki** niður heimilisfesti sína heldur því vaxta bótum sínum óskertum. Við mildun skv. skattundanþágu með stighækkunarfyrirvara er jafnframt óvíst hvort hinar erlendu tekjur teljist til skattsstofnsins

SPURNINGAR

EF EKKI ÞAKKA ÉG FYRIR MIG

LESEFNI:

Gerð og túlkun tví

Full og ótakmörkuð skattskylda manna

Full og ótakmörkuð skattskylda fyrirtækja

Mildun tvískattlagningar

Skipting skattlagningarréttar, fyrsti hluti

AÐJÓÐLEGUR SKATTARÉTTUR

Ásmundur G. Vilhjálmsson
Stjórnarlaun, lífeyrir o. fl.

Vægi 8 til 9

Verklag

Við skoðum fyrst

- **erlendis búsetta** menn sem njóta ákveðinna launa frá íslenskum aðilum fyrir
 - stjórnarsetu, endurskoðenda- og nefndarstörf, fá greidd eftirlaun eða lífeyrir frá **innlendum aðilum**
 - en þar reynir einkum á 2. tölul. 3. gr. TSL
- **hérlandis búsetta** menn sem njóta ákveðinna launa frá erlendum aðilum fyrir
 - stjórnarsetu, endurskoðenda- og nefndarstörf, fá greidd eftirlaun eða lífeyrir **frá erlendum aðilum**
 - en þar reynir einkum á 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 19. gr. svo og 21. gr. fyrirmyndarinnar

2. tölul. 3. gr. TSL: hljóðar svo:

- Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr.:

- Í starfi ↗ 1. Allir **MENN** sem njóta **frá íslenskum aðilum** launa **FYRIR STÖRF**, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf,
- Að loknu starfi ↗ 2. svo og biðlauna, eftirlauna, lífeyris, styrkja eða **hliðstæðra greiðslna SKULU GREIÐA TEKJUSKATT AF ÞEIM GREIÐSLUM**
- ← Hvað er þetta

Túlkun

- Í fljótu bragði virðist aðeins **eitt** atriði skilja 2. tölul. frá 1. tölul. Vinnan eða starfið þarf **EKKI** að vera innt af hendi **HÉR Á LANDI**
- Svo að unnt sé að skattleggja mann vegna móttöku teknanna verður a.m.k tveimur skilyrðum að vera fullnægt:
 1. Greiðandinn verður að vera **íslenskur aðili**. Afmörkun þessa er almennt ekki vandamál
 2. Greiðslan verður að vera **LAUN**, eftirlaun, lífeyrir eða nefndar/endurskoðenda/stjórnar þóknun. Skv. því verður greiðslan að byggjast á einhvers konar **vinnusambandi** sem er í gildi eða lokið
 3. **En hvað með styrki og hliðstæðar greiðslur**

GREIÐANDI LAUNANNA

- Launagreiðandinn verður að vera innlendur maður eða lögaðili eða föst starfsstöð erlends aðila hér á landi. Allt eins og skv. 1. tölul. 3. gr. TSL
- Skattskyldan er rökstudd með því að eðlilegt og sanngjart sé að upprunaland teknanna, það er Íslandi í þessu tilviki, njóti skattlagningarréttarins fyrst launagreiðandinn, hinn innlendi aðili, hafi heimild til að gjaldfæra launin hjá sér
- Þetta er sami rökstuðningur og býr að baki 1. tölul. 3. gr. TSL

Framkvæmd vinnunnar

- Ákvæði 2. tölul. skilur sig frá 1. tölul. að því leyti að vinnan (starfið) þarf ekki að vera framkvæmd hér á landi. Ef vinnan er innt af hendi hér á landi ber að skattleggja skv. 1. tölul. Þetta kom fram hér að framan
- Að þessu sögðu ber þó að hafa hugfast að 2. tölul. virðist vera **SÉRÁKVÆÐI** gagnvart 1. tölul. **Sem slíkt hefur það því forgang þegar um STJÓRNARLAUN, NEFNDAR-STÖRF og ENDURSKOÐENDAVINNU er að ræða. Ekki skiptir því máli hvar slík störf eru unnin**
- Þetta leiðir hugann að eðli **launahugtaksins** í 2. tölul. Tekur það til endurgjalds fyrir **hvers konar vinnu**, sem er, eða einungis til endurgjalds vegna **ákveðinna starfa** og ef svo er **HVAÐA STÖRF ERU ÞETTA**

Hvaða störf?

Launþegi eða
verktaki

- Öll störf eða **ákveðin störf** svo sem
 - 1. Stjórnarstörf. Ath. merkingu
 - 2. Endurskoðenda- og nefndarstörf. Ath. merkingu
- Tilteknar greiðslur eftir að starfi er lokið eins og
 - 1. Eftirlaun og
 - 2. Lífeyrir, þar með talið hvers konar tryggingabætur. Einnig meðlagsgreiðslur, fæðingarorlof, atvinnuleysisbætur og greiðslu úr ábyrgðarsjóði launa. Sjá nánar 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL
- Ákveðnar greiðslur óháðar „**beinu starfi**“ eins og
 - 1. Styrkir ???? og
 - 2. **Hliðstæðar greiðslur** og styrkir

Hliðstæðar greiðslur

óvissa. Nánar, sjá 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL

– Merkir það:

- ✓ Tryggingabætur almanna trygginga -
- ✓ Meðlag og framfærslufé -
- ✓ Vátryggingafé og skaðabætur -
- ✓ Fæðingarorlof -
- ✓ Vinningar í happdrætti, keppnum, heiðurslaun o.fl.-
- ✓ Gjafir -

... og hvers konar skaðabætur

- Hér til teljast **bætur vegna**, tímabundinnar og varanlegrar örorku svo og vegna ófjárhagslegs tjóns þ.m.t. röskun á stöðu og högum
- Vátryggingafé. Hér fellur undir líftrygging, sjúkdóma- og slysatrigging, fasteigna- og lausafjártrygging
- Einnig gjafir og skiptir ekki máli hvort um er að ræða eignir eða peninga

Starfslokagreiðslur

- Uppsagnarlaun tilheyra 1. tölul. 3. gr. TSL. Sama gildir um veikinda- og slysalaun sem maður fær greidd jafnvel þótt hann dvelji erlendis í fríi sér til lækninga
- En hvað með biðlaun? Biðlaun eru skyld uppsagnarlaunum. Ættu þau þá ekki að heyra undir 1. tölul. 3. gr. TSL

Allir menn

- **Skattskyldan einskorðast við menn.** Er það eðlilegt vegna þess að þær tekjur sem skatt leggjast skv. 2. tölul. 3. gr. TSL eru dæmigerðar einstaklingstekjur
- Persónurnar virðast hins vegar bæði geta verið launþegar og verktakar, það er sjálfstætt starfandi menn, eftirlauna- og lífeyrisþegar

Reynum að finna samsvörun

- Kannski er 2. tölul. 3. gr. TSL í raun innlenda útgáfan af eftirtöldum ákvæðum fyrirmyndarinnar
 - 14. gr. sérfræðingavinna (endurskoðendastörf)
 - 16. gr. stjórnarlaun vegna setu í ...
 - 18. gr. eftirlaun og lífeyri vegna vinnu hjá einkafyrirtækjum
 - 19. gr. eftirlaun og lífeyrir vegna vinnu hjá hinu opinbera svo og
 - 21. gr. aðrar tekjur, það er nefndar laun, hvers konar tryggingabætur, styrkir, gjafir o. fl.

Rök með og á móti rúmri túlkun

- **Rök með.** Greiðslurnar eiga uppruna sinn á Íslandi og því er eðlilegt að Ísland megi skattleggja. Auk þess kemur skattlagningin í veg fyrir undanskot á skatti þar sem auðvelt sé að haga vinnunni þannig að hún virðist innt af hendi erlendis – **hvetur til rúmrar túlkunar**
- **Rök móti.** Skattlagning útlendinga, sem inna af hendi störf fyrir innlenda aðila í heimalandi sínu, er í raun aukaskattur sem fyrirtækin verða á endanum að bera sjálf - **hvetur til þröngrar túlkunar**

Hagsmunir

- Íslenskir hagsmunir. Verndun þjóðar skattstofnsins
- Erlendir hagsmunir. Sleppa við skatt hér á landi og jafnvel heima líka
- Skattinum á endanum bætt við launin þannig að innlendir aðilar verða að lokum að bera hann

Niðurstaða

- Túlkun samkvæmt orðanna hljóðan útilokar Ísland ekki frá að skattleggja hvers konar/öll laun
- Ath. greiðslurnar eru staðgreiðslu skyldar og gæti fyrirtæki þess ekki að halda staðgreiðslu eftir við útborgun getur það orðið ábyrgt fyrir skattinum

Staðgreiðsluskyldar tekjur
Sjá 2. gr. laga nr. 45/1987
Staðgreiðslan tekur til:

- A. Tekjuskatts manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. og 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- B. Útsvars samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum
- B. Tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald

Application under Double Taxation Agreement for an Exemption or partial relief from Icelandic Taxation

concerning payments or commissions to foreign parties for services or other activities, the utilisation of property rights or interests, sales profits/capital gains or dividend payments

I Applicant

1 Applicant's name / beneficial owner		
2 Address (Street)		
3 State or province	4 Postcode - postoffice/city	
5 Country of residence (fiscal)	6 Tax identification number	
7 E-mail address	8 Telephone number	9 Fax number
10 Icelandic identification number	11 OECD code	

II The exempted activity, services, rights and/or payments

12 Tax exemption concerning:	☐ Dividend payment	☐ Interests	☐ Sales profits/capital gains
	☐ Use of property rights, usufruct	☐ Lease of movables	☐ Individual personal services
	☐ Other service or activities		
13 Details regarding the mark made in box 12			
14 Articles in relevant double taxation convention covering activities, services, property rights or interests, sales profits/capital gains or dividend payments			

15: Details of the activities, payments, interests, etc. (if applicable, reference only)

particular items, the exempted items are income or payments received from individuals or parties with a permanent residence in Iceland under the provisions of a double taxation agreement between the Republic of Iceland and _____ (contracting country concerned).

The undersigned further declares the following:

- The applicant is the beneficial owner of the income.
- The payments or income do not originate from a permanent establishment in Iceland with which the applicant is affiliated, as such establishments are defined in the above double taxation convention.
- The payments or income are subject to taxation in the applicant's country of residence, where the applicant bears full and unlimited tax liability.
- All information provided in this application is correct.
- The applicant will immediately inform both the tax authorities in Iceland and in the applicant's country of residence of any changes in the information provided in this application that could affect whether an exemption is granted.

17 Application date	18 Signature of the applicant/applicant's representative according to a valid power of attorney	
19 The applicant requests that the Directorate of Internal Revenue send its decision by:		
☐ e-mail	☐ mail	☐ fax

IV Confirmation of authorities

20 Confirmation of the Icelandic tax authorities	21 Confirmation of the tax authorities in the applicant's country of residence
☐ Applicant ☐ Application denied Certificate No. _____ Validity period of exemption _____ Date _____ Signature and stamp of the tax authorities _____	_____ bears full and unlimited tax liability in the country specified in box 16 of this form, and has permanent residence there with regard to the double taxation convention concerned. Date _____ Signature and stamp of the tax authorities _____

See directions and explanatory notes for particular boxes on the back side of the last duplicate

RSK 5.42 1002

Original copy - for the Icelandic tax authorities

1/5/2020

ÁgV

Application under Double Taxation Agreements for a Refund of Taxes Paid in Iceland

concerning payments or commissions to foreign parties for services or other activities, the utilisation of property rights or interests, sales profits/capital gains or dividend payments

A requirement for a refund is an approved exemption from Icelandic taxation based on Double Taxation Agreement. Form RSK 5.42 is used to apply for exemption.

I Applicant

1 Applicant's name / beneficial owner		
2 Address (Street)		
3 State or province	4 Postcode - postoffice/city	5 Country of residence (fiscal)
6 Tax identification number	7 E-mail address	8 Telephone number
9 Fax number	10 Icelandic identification number	11 OECD code

II Application for refund

12 Tax refund concerning:	☐ Dividend payment	☐ Interests	☐ Sales profits/capital gains
	☐ Use of property rights, usufruct	☐ Lease of movables	☐ Individual personal services
	☐ Other service or activities		
13 Year of payment*	14 Total amount of payment ISK	15 Total amount of paid taxes ISK	16 Amount to be refunded ISK**

III Bank details for reimbursement

17 Account No. (IBAN Code)	18 Bank ID No. (BIC No. (SWIFT No.))	
19 Name of the bank/credit institution	20 Bank's address	21 Bank's country of residence
22 Purchaser of the service, property rights, dividends, interests etc. in Iceland		23 Number of receipts enclosed with the application

IV Declaration and signature of the applicant

24 The undersigned, who has full power of attorney to obligate the applicant under law, hereby requests that the applicant be fully or partially refunded the taxation of particular items for which an exemption has been applied on form 5.42. The exempted items are income or payments received from individuals or parties with a permanent residence in Iceland under the provisions of a double taxation agreement between the Republic of Iceland and _____ (Contracting country concerned).
The undersigned further declares the following: • The applicant is the beneficial owner of the income and confirms that all information provided in this application is correct. • The exempted payments or income to be refunded do not originate from a permanent establishment in Iceland with which the applicant is affiliated, as such establishments are defined in the above double taxation agreement. • The exempted payments or income to be refunded are subject to taxation in the applicant's country of residence, where the applicant bears full and • The applicant will immediately inform both the tax authorities in Iceland and in the applicant's country of residence of any changes in the information provided in this application that could affect whether an exemption is granted for the amount to be refunded.
25 The applicant requests that the Directorate of Internal Revenue send its decision:
☐ by e-mail ☐ by mail ☐ by fax

Application date

Signature of the applicant/applicant's representative with a valid power of attorney

See Directions and explanatory notes for particular boxes on backside of last duplicate

RSK 5.43 1010

Original copy - for the Icelandic tax authorities

115

SKATTLAGNING

- Stjórnarlaun og þóknanir fyrir endurskoðenda- og nefndarstörf, ber að skattleggja með 20% tekjuskatti og 12,44% til 14,52% útsvari
- Sjá 2. tölul. 70. gr. TSL og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 4/1995. Athugið sérstaklega að umræddir aðilar eiga **EKKI** rétt á persónuafslætti
- Eftirlauna- og lífeyrisþegar greiða hins vegar venjulegan tekjuskatt og útsvar. Skattur þeirra er því eftir atvikum 36,94% eða 46,24%. **Þá eiga þeir rétt á persónuafslætti.** Persónuafslátturinn er hins vegar **EKKI** millifæranlegur milli hjóna nema þau séu **bæði** eftirlauna- og eða lífeyrisþegar

Skoðið þetta í EES samhengi

- Erlendur stjórnar-, endurskoðenda- og eða nefndarmaður er verr settur en innlendur
- Sama gildir þegar lífeyrisþegar eiga í hlut. Verri meðhöndlun erlendis búsettra lífeyrisþega þarf þó ekki endilega að brjóta í bága við EES rétt
- **AF HVERJU ER ÞAÐ?** Takmarkað skattskyldir menn eru ekki í sömu stöðu og ótakmarkað skattskyldir menn

2. tölul. 70. gr. TSL

Ath. 1. og 2. másl. ákvæðisins

- Tekjuskattur manns sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. skal nema 20% af **tekjuskattsstofni** hans
- Orðalagið „af **tekjuskattsstofni** hans“ gefur til kynna að maður eigi **frádráttarrétt**. Af samanburði 1. og 2. másl. ákvæðisins má þó ráða að slíkur frádráttur geti varla verið mikill ($20-15=5$)
- Sá aðili, sem kemur fram í atvinnuskyni til **skemmtunar eða keppni**, [sbr. 1. mgr. þessa töluliðar,] án ákveðinna launa eða þóknunar en nýtur í þess stað **afraksturs** af slíkri starfsemi, skal greiða 15% tekjuskatt **af heildartekjum** af slíku starfi án nokkurs frádráttar

ÚTSVAR

- Um útsvar, sjá 3. mgr. 20. gr. laga nr. 4/1995 er hljóðar svo:
 - Þeir **menn**, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90/2003 skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu
- Skv. því ber slíkum aðilum að greiða 14,44% skatt af launum. Heildarskatturinn er því 34,44% (20 + 14,44)

Eftirlaunaþegar o. fl.

- Sérreglur gilda um eftirlauna- og lífeyrisþega skv. 2. mgr. þessa töluliðar, það er 2. tölul. 70. gr. TSL, sbr. eftirfarandi texta:
 - **Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.** skal tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. **að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 67. gr. → ónákvæmt orðalag**
 - Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekju skatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum
 - Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað **fellur niður** og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna **nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar og falli að öðru leyti bæði undir ákvæði þessarar málsgreinar**
 - **Tekjur beggja verða því að vera eftirlaun eða lífeyri frá tryggingastofnun ríkisins eða íslenskum lífeyrissjóðum**

Hvað þýðir þetta

Hvað með fjármagns tekjurnar

EES skattaréttur

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóv. sl.
í málinu nr. E-6728/2010:

- Fallist á kröfu manns um að fá að nýta sér persónuafslátt eiginkonu sinnar sem búsett var í Danmörku
- Í dóminum kom fram að einu tekjur mannsins hafi verið örorkulífeyrir frá tryggingarstofnun og lífeyrissjóðum
- Skv. því var hann í sömu stöðu og innlendur maður sem aflar allra tekna sinna hér á landi. Fyrir lág líka að konan aflaði engra tekna

Dómur Hæstaréttar

- Dómur dags. 2. október 2014 í málinu nr. 92/2013: Íslenska ríkið gegn Atla Gunnarssyni
- Niðurstaða. Íslenska ríkið sýknað. Stefnanda synjað um bætur vegna samningsbrota

YSÚ 148/2015

- Kærandi, sem var búsettur á Möltu, fékk greiddan út lífeyrissparnað á árinu 2013. Fallist var á að kærandi bæri fullur persónuafsláttur til frádráttar álögðum tekjuskatti og útsvari af lífeyristekjunum
- Kröfu kærandi um nýtingu persónuafsláttar eiginkonu var hins vegar hafnað þar sem hún hafði engar lífeyristekjur hér á landi á árinu 2013

Þýðing tvísköttunarsamninga

Almennir starfsmenn

- Ákvæði 2. tölul. 3. gr. TSL skattgildir menn sem íslenskir aðilar greiða laun vegna „**VINNU**“ sem innt er af hendi **erlendis**. **Ísland er semsé ekki vinnu landið þegar svo stendur á**
- Móttakandi greiðslu getur hins vegar bæði verið starfsmaður einkafyrirtækis og opinbers aðila. Teljist hann starfsmaður einkafyrirtækis ræðst skipting skattlagningarréttarins af 15. gr. OECD-fm
- **ÍSLANDI ER ÞVÍ ÓHEIMILT AÐ SKATTLEGGJA ÞAR SEM HEIMILISFESTARLAND MANNSINS HEFUR FORGANGSRÉTT Á SKATTLAGNINGUNNI, SBR. 1. MÁLSL. 1. MGR. 15. GR → VINNULANDIÐ**

Þýðing tvísköttunarsamninga

Opinberir starfsmenn

- Þegar um er að ræða opinbert starf snýst þetta við. Teljist maður opinber starfsmaður ríkis eða bæja þar með talið undirstofnanna þeirra hefur Ísland forgangsrétt á að skattleggja, sbr. 1. mgr. 19. gr. OECD-fm
- Þetta er fortakslaus regla nema 2. mgr. 19. gr. eigi við. Ef móttakandi greiðslu er ríkis borgari í heimilifestarlandinu o. s. frv. getur Ísland því ekki skattlagt
- **LAUNIN MÁ NEFNILEGA EINUNGIS SKATTLEGGJA Í VINNULANDINU ÞEGAR SVO STENDUR Á, SBR. 2. MGR. 19. GR. OECD**

Verklag

Við skoðum fyrst

- erlendis búsetta menn sem njóta ákveðinna launa frá íslenskum aðilum fyrir
 - stjórnarsetu, endurskoðenda og nefndarstörf, fá greidd eftirlaun eða lífeyrir frá **innlendum** aðilum
 - en þar reynir einkum á 2. tölul. 3. gr. TSL
- héraðslendis búsetta menn sem njóta ákveðinna launa frá **erlendum** aðilum fyrir
 - stjórnarsetu, endurskoðenda og nefndarstörf, frá greidd eftirlaun eða lífeyrir frá erlendum aðilum
 - en þar reynir einkum á 16. gr., 18. gr. og 19. gr. svo og 21. gr. fyrirmyndarinnar

Skipting skattlagningarréttar skv. fyrirmynd OECD

- Um skiptingu skattlagningarréttar vegna vinnu er fjallað í 15. gr. og 19. gr. og höfum við áður rætt um það
- Þóknanir vegna stjórnarsetu, endurskoðenda og nefndarvinnu heyra hins vegar undir 16. gr., 14. gr. og 21. gr.
- Að því er **lífeyrinn** varðar vísast hins vegar til 18. gr. (alm. starfsmenn) og 19. gr. (opinberir starfsmenn) OECD-fm

Stjórnarlaun, sbr. 16. gr. OECD fm

- Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State
- **Stjórnarlaun** og aðrar **svipaðar greiðslur**, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir setu í stjórn í félagi sem heimilisfast er í hinu aðildarríkinu, **má** skattleggja í **síðarnefnda ríkinu**, það er upprunalandi teknanna

Aðstaðan

16. gr. tekur á þeirri aðstöðu
að félag er heimilisfast í A og
stjórnarmaðurinn í B



Hitt ríkið getur bæði
verið heimilisfestarríki
mannsins og óákv.
þriðja land



HUGTAKIÐ STJÓRNARLAUN

- Teljist greiðsla sem maður móttækur stjórnarlaun leiðir af 16. gr. OECD-fyrirmyndarinnar að greiðslulandið á rétt á að skattleggja (má skattleggja í síðarnefnda ríkinu)
- Greiðslulandið er það land þar sem hlutafélagið er innir greiðsluna af hendi á heima í skv. 4. gr. OECD fm
- Hugtakið **stjórnarlaun** í skilningi ákvæðisins tekur bæði til greiðslna í peningum og fríðindum (hliðstæðar greiðslur). Hugtakið er því heldur rýmra en laun í merkingu 1. og 2. tölul. 3. gr. TSL
- **HINS VEGAR INNIBER ÞAÐ EKKI RÁÐGJAFARÞÓKNUN**

Ráðgjafarþóknun

Tvísköttunarsamningur

- Þóknun vegna (rekstrar) ráðgjafar telst **ekki** stjórnarlaun. Þar sem um er að ræða undantekningu frá meginreglu á það undir hlutaðeigandi stjórnarmann að sanna að greiðslan sé ekki stjórnarlaun
- Inni erlendur maður af hendi ráðgjöf fyrir innlendan aðila getur Ísland skattlagt þóknun hans skv. 1. (vinna) eða 3. tölul. (sjálfstætt starf) 3. gr. TSL

Úrskurður nr. 88/2002

Gjaldár 1995-1998

- Skattstjóri skattlagði hjá kæranda sem launatekjur hans greiðslur frá fjórum hlutafélögum til X sf. vegna ráðgjafarstarfa kæranda á vegum X sf. í þágu hlutafélaganna á árunum 1995, 1996 og 1997
- Kærandi gegndi á sama tíma starfi stjórnarformanns í umræddum félögum og daglegs stjórnanda eins þeirra. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að þegar litið væri til eðlis hinna umdeildu starfa kæranda í þágu hlutafélaganna, m.a. **til þess að ekki var um sérgreind verkefni af neinum toga að ræða heldur almenna ráðgjöf varðandi starfsemi félaganna**, þætti ekkert benda til annars en að verkefni þessi hefðu verið **þáttur í starfi kæranda** sem stjórnarformanns í félögunum og daglegs stjórnanda eins þeirra
- Þá var bent á **að ekki væri um að ræða neina sölu ráðgjafar á vegum X sf. til annarra aðila á sama tímabili**. Ennfremur yrði við úrlausn málsins **ekki litið framhjá verulegum eigna- og stjórnunartengslum kæranda við öll umrædd félög, þ.m.t. X sf.**, en ekki yrði annað ráðið en að kærandi hefði í krafti þeirra tengsla **sjálfur ráðið** tilhögun á greiðslum fyrir störf sín í þágu hinna fjögurra hlutafélaga
- Var fallist á með skattstjóra að virða bæri samband kæranda og hlutafélaganna **sem vinnusamning í skattalegu tilliti**. Þá var kröfu kæranda um niðurfellingu álags, m.a. vegna hækkunar á skattskyldum bifreiðahlunnindum hans, hafnað. Sjá einnig úrskurð yfirskattanefndar nr. 90/2002

Skipting skattlagningarréttarins

- Skattlagningarrétturinn myndi því skiptast skv. 15. gr. sem vinnulaun eða 14. gr., nú 7. gr., sem sjálfstætt starf
- Þar sem vinnan er **ekki** innt af hendi hér á landi getur Ísland almennt ekki skattlagt greiðsluna teljist hún laun
- Sama gildir ef hún telst þóknun vegna sjálfstæðs starfs þar sem starfsemin verður að vera innt af hendi í ákveðinn lágmarks tíma til að skapa skattskyldu

Skipting skattlagningarréttarins í
Norræna samningnum er eins og í
fyrirmynd OECD, sbr. 16. gr.
Bæði ríkin geta semsé skattlagt

- Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald,
sem aðili heimilisfastur í samnings ríki fær
fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi
heimilisföstu í öðru samningsríki, **MÁ** skatt
leggja í síðarnefnda ríkinu

Mildun tvískattlagningar vegna stjórnarlauna skv. NOR Sjá b-lið 4. tölul. 25. gr. Skattfrádráttur

- Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem skattleggja má í öðru samningsríki samkvæmt 10. gr., 7. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr., **16. gr.** eða 1.- 6. mgr., c-lið 7. mgr. og 8.-9. mgr. 21. gr. skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu samningsríkinu
- Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu

OECD-fyrirmyndin

eftirlaun og lífeyrir þar með talið hvers konar tryggingabætur

- Almenn eftirlaun og lífeyrir úr lífeyrissjóðum er menn ávinna sér í **starfi/vinnu**
- Skipting skattlagningarréttarins fer eftir 18. gr. Skv. henni hefur **heimilisfestarland** - **ekki greiðsluland** → forgangsrétt á að skattleggja
- Tryggingabætur, þar með talin ellilífeyrir, barnalífeyrir, örorkulífeyrir, tekjutrygging, fæðingarorlof, teljast ekki **lífeyrir** í ofangreindum skilningi heldur **FÉLAGSLEGAR** greiðslur
- Lúta þær því skiptingu skv. 21. gr. OECD nema öðru vísi sé mælt í hlutaðeigandi tvísköttunarsamningi
- **Heimilisfestarland** skattaðila hefur því forgangsrétt á að skattleggja slíkar greiðslur eins og þegar um eftirlaun og lífeyrir úr almennum lífeyrissjóðum er að ræða


Ástþór Magnússon býður íslenskum ellilífeyrisþegum frítt húsnæði á Portúgal:

„Mörgum sem þykir þetta hljóma of gott til að vera satt“



Óðinn Svan Óðinsson

Föstudaginn 3. ágúst 2018 09:00



„Nýjar skattareglur í Portúgal og tvísköttunarsamningur við Ísland gerir ellilífeyrisþegum kleift að flytja lögheimili sitt til Portúgal og fara í 0% tekjuskatt,“ svona hljómar tilboð sem fyrirtækið Valhalla býður íslenskum ellilífeyrisþegum. Athafnamaðurinn og forsetaframbjóðandinn fyrrverandi Ástþór Magnússon fer fyrir fyrirtækinu hér á landi og er samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins framkvæmdastjóri markaðssviðs.

„Við erum nýbyrjaðir að kynna þetta og þetta fer bara vel af stað. Auðvitað er mörgum sem þykir þetta hljóma of gott til að vera satt en ég bendi fólki bara á að kynna sér málið,“ segir Ástþór Magnússon í samtali við DV.

Allir geta keypt sér íbúð

Á heimasíðu Valhalla, núna.is, býðst Íslendingum tvenns konar tilboð sem sagt er að henti flestum Íslendingum. Annað tilboðið er fyrir fólk sem þiggur ellilífeyri og snýr að skattafslætti. „Ellilífeyrisþegar geta flutt skattalegt heimilisfesti til Portúgal og fá þá tekjurnar sínar frá Íslandi greiddar skattfrítt. 0% skattur þökk sé tvísköttunarsamningi Íslands og Portúgal. Skattasparnaðurinn greiðir niður íbúðina,“ segir á vefnum nuna.is

Fyrirtækið býður öðrum Íslendingum einnig upp á að kaupa íbúðir sem að sögn Ástþórs eru seldar langt undir markaðsvirði. „Kaupin greiðast niður með leigu til eftirlaunþega í 7–9 mánuði á ári. Þú nýtur íbúðarinnar í frístundum,“ segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Ástþór segir Portúgala hafa breytt skattalöggjöfinni til að laða að efnaða ellilífeyrisþega. „Þessi leið var farin til þess að hleypa lífi í efnahagslífið í Portúgal eftir erfiða tíma. Þeir ná tekjum af þessu fólki með neyslusköttum. Ellilífeyrisþegar hvaðanæva að frá Evrópu eru farnir að nýta sér þetta,“ segir Ástþór en til að þess að fá skattafsláttinn þarf eins og áður segir að flytja skattalegt heimilisfesti til Portúgal og dvelja í landinu 183 daga á ári, hið minnsta.



Ókeypis heilbrigðisþjónusta

Hann segir ljóst að þó svo að íslenska ríkið verði af skatttekjum þeirra sem færa sig til Portúgal geti ríkið grætt. „Þegar fólk er búíð að færa sig yfir tekur portúgalska ríkið við öllu og greiðir alla heilbrigðisþjónustu. Lyf og allt frítt,“ segir Ástþór sem og bætir því við að í Portúgal sé að finna eitt besta heilbrigðiskerfi í veröldinni.

Aðeins einn hópur ellilífeyrisþega getur ekki nýtt sér skattfrelsið en aðrar reglur gilda um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. „Í tvísköttunarsamningnum eru þeir sem hafa unnið fyrir ríkið undanskildir því þeim ber skylda til að borga skatt af lífeyristekjum í heimalandi sínu,“ segir Ástþór.

Hann segir verkefnið á frumstigi og hvetur alla þá sem hafa áhuga á málinu að skoða heimasíðu fyrirtækisins eða hafa samband.

EFTIRLAUN Í Portúgal

Vegna ákvæða í tvísköttunarsamningi milli Íslands og Portúgals geta íslenskir eftirlaunaþegar flutt lögheimili sitt til Portúgals og fengið greidd eftirlaun frá Íslandi án þess að greiða af þeim skatta, hvorki á Íslandi né í Portúgal.

Alexander G. Edvardsson, sérfræðingur á skatta- og lögfræðisviði KPMG, segir að eftirlaun, leigutekjur af húsnæði og arður séu ekki skattlögð ef viðkomandi hefur flutt lögheimili sitt til Portúgals.

Alexander bendir á að í Portúgal sé greiddur skattur af iðgjöldum í lífeyrissjóði en ekki af eftirlaunagreiðslum. Þessu sé ófugt farið á Íslandi þar sem greiðslur í lífeyrissjóði hér eru ekki skattlagðar en greiddur skattur af eftirlaunum.

Alexander segir aðspurður dæmi um að íslenskir eftirlaunaþegar hafi flutt lögheimili til landa á borð við Portúgal og greiði þar skatta samkvæmt reglum ytra. „Á móti kemur að viðkomandi er fluttur frá Íslandi, hefur ekki lengur búsetu hér og er þar með ekki lengur í velferðar- og heilbrigðiskerfinu á Íslandi,“ segir Alexander. Hann segir aðspurður að réttindi hvað varðar velferðar- og heilbrigðiskerfið á Íslandi endurheimtist á um sex mánuðum við flutning lögheimilis aftur til Íslands.

Almennt starf, sbr. 18. gr. OECD fm Muna að 2. mgr. 19. gr. tekur til opinberra starfsmanna

- Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of **past employment** shall be taxable **only** in that State
 - Heimilisfestarríkið hefur semsé einkarétt á að skattleggja
- Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr., skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem greiddar eru aðila heimilisföstum í aðildarríki, einungis skattlagðar í því ríki
 - Heimilisfestarríkið hefur semsé einkarétt á að skattleggja

Innvinnsla lífeyrisréttinda

Frádráttarbærar greiðslur

- Skv. lögum öðlast menn rétt á lífeyri með greiðslu iðgjalda. Almennt iðgjald starfsmanna er nú 4% en mótframlag atvinnurekanda, 8% + 3,5% = 11,5%
- Auk þess getur maður samið um viðbótarsparnað í séreignar sjóð bjóði honum svo við að horfa
- Frádráttarbærni þessa er yfirleitt bundin við vinnu landið. Iðgjaldagreiðslur til innlendra lífeyrissjóða skapa aðeins frádráttarrétt
- Ýmsir halda því fram að slík frádráttartakmörkun stríði gegn meginreglu ESB réttarins um frjálst flæði vinnuafsisins/réttinn til að veita þjónustu

18. gr. NOR

Undantekning frá meginreglu

Takið vel eftir: **Svona var þetta**

- Eftirlaun og lífeyri, sem greiddur er frá samningsríki (af fyrirtæki eða lífeyrissjóði) og greiðslur frá samningsríki samkvæmt **almannatryggingalöggjöf** þess til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki, skal **einungis** skattleggja í fyrrnefnda ríkinu
- **Greiðslulandið** – ekki heimilisfestarlandið hefur því forgangsrétt á að skattleggja þegar norrænir menn eiga í hlut

Hér er gengið út frá annars konar skiptingu en í OECD-fm **RÖKSTUÐNINGUR**

- Eins og áður segir ávinna menn sér lífeyrisrétt með greiðslu iðgjalds sem er frádráttarbært við álagningu tekjuskatts
- Landið, sem greiðir lífeyririnn, hefur með öðrum orðum orðið fyrir tekjutapi við sköpun réttindanna
- Eðlilegt og sjálfsagt er því að skatta tapið sé bætt upp síðar með skattlagningu er taka lífeyrisins heftst

Þessu hefur nú verið breytt

- Sjá auglýsingu nr. 9/2008 um breyting á tvísköttunarsamningi Norðurlandanna en þar segir í V. gr.
- Í 1. mgr. 18. gr. samningsins koma orðin „má skattleggja“ í stað orðanna „skal einungis skattleggja“.
- Nú geta semsé bæði ríkin skattlagt

17. gr. USA

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 18. gr. (Opinber þjónusta) skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald, sem greidd eru aðila heimilisföstum í samningsríki (Íslandi) vegna fyrri starfa hans [í USA], einungis skattlögð í því ríki (Íslandi) → **Í SAMRÆMI VIÐ FYRIRMYNDINA**
2. Greiðslur, sem samningsríki (Ísland) innir af hendi samkvæmt almannatryggingalöggjöf eða svipaðri löggjöf sinni til aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu (USA) eða til bandaríksks ríkisborgara skulu, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr, einungis skattlagðar í fyrirnefnda ríkinu (Íslandi) → **Í SAMRÆMI VIÐ NOR ?**

2. mgr. 19. gr. OECD fm LÍFEYRI VEGNA OPINBERS STARFS

- a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.
- b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that State

HIN ÍSLENSKA ÞÝÐING ER SVONA:

- ✓ Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns **FYRIR LAUNUÐ STÖRF HANS Í ÞJÓNUSTU ÞESSA RÍKIS**, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, **skal einungis** skattleggja í því ríki → GREIÐSLULANDINU
- ✓ Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er heimilisfastur ef hann er **heimilisfastur og ríkisborgari** þess ríkis → HEIMILISFESTARLANDINU

Opinber lífeyrir

- Meginregla. Eftirlaun og lífeyrir til opinberra starfsmanna lýtur sömu lögmálum varðandi skiptingu og laun er þeir njóta. **Greiðslulandið hefur því forgangsrétt á að skattleggja**
- Undantekningarregla. Þetta gildir þó ekki ef móttakandi greiðslu er **ekki** heimilisfastur í greiðslulandinu heldur öðru rík þar sem hann er jafnframt ríkisborgari

Starfsmenn alþjóðastofnana Sameinuðuþjóðirnar, EFTA o. fl.

- Launin eru skattfrjáls, sbr. 2. tölul. 1. mgr. A-liðar 30. gr. TSL
- Eftirlaunin, lífeyririnn er hins vegar skattskyldur

SÉREIGNARSPARNAÐUR

- Ákvæði 18. gr. fm tekur umfram allt til eftirlauna og lífeyris sem maður ávinnur sér í vinnu
- Annar lífeyrissparnaður vegna greiðslu valkvæðs iðgjalds eða séreignarsparnaður fellur því ekki skilyrðislaust undir ákvæðið
- **SKATTLAGNINGARRÉTTUR HANS SKIPTIST ÞVÍ SKV. 21 GR. UM AÐRAR TEKJUR. Ath.**
- Eins og þegar um lífeyrir er lífeyrissjóðir inna af hendi hefur heimilisfestarland því forgangsrétt á að skattleggja. ATH. NOR

YSÚ 148/2015

- Kærandi í máli þessu, sem er búsettur á Möltu, fékk greiddan út lífeyrissparnað hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum að fjárhæð 2.800.000 kr. á árinu 2013. Er því ljóst að kærandi bar takmarkaða skattskyldu hér á landi gjaldárið 2014 á grundvelli 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, vegna umræddrar lífeyrisgreiðslu. Er við þetta miðað í hinum kærða úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 24. september 2014, þar sem fram kemur m.a. að haga beri álagningu opinberra gjalda kæranda í samræmi við ákvæði 70. gr. laga nr. 90/2003 þar sem mælt er fyrir um tekjuskatt aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi

Ekki gleyma staðgreiðslunni

- Þótt Ísland hafi ekki rétt á að skattleggja lífeyriri eða eftirlaun skv. tvísköttunar samningi er staðgreiðsla samt ávallt innheimt af tekjunum
- Staðgreiðslan er bráðabirgðagreiðsla og til að fá hana endurgreidda verður maður að leggja fram vottorð skattyfirvalda í heimilis festarríki sínu um að hann sé skattskyldur þar ef hann vill fá staðgreiðsluna endurgreidda

Flúði til Noregs undan skattinum



Sigurjón Benediktsson til vinstri.

„Ég hef sótt um norska kennitölu og mun því greiða skatta framvegis í Noregi,“ segir Sigurjón Benediktsson, tannlæknir á Húsvík.

Sigurjón vann sem tannlæknir í Noregi á síðasta ári, en honum var gert að greiða skatta af séreignarsparnaði óháð þeim tekjum sem hann hafði í Noregi þrátt fyrir að það sé tvísköttunarsamningur milli landanna. Viðbrögð Sigurjóns við þessu voru að flytja úr landi.

Sigurjón hefur til margra ára starfað sem tannlæknir á Húsavík. Hann á enn hlut í tannlæknastofunni en starfar þar ekki lengur. Hann segir að starfsumhverfi tannlækna á Íslandi sé ömurlegt og m.a.

þess vegna hafi hann kosið að starfa í Noregi.

„Það er tvísköttunarsamningur í gildi milli Íslands og Noregs, en síðan kom í ljós að það eru einhverjar vinnureglur hjá ríkisskattstjóra sem eru allt öðruvísi en tvísköttunarsamningurinn eins og ég skildi hann. Ég taldi að maður ætti að greiða skatt í því landi þar sem maður vinnur. Ég tók því út séreignarsparnaðinn minn og notaði persónufrádráttinn hér heima því ég er íslenskur þegn. Skatturinn virðist hins vegar hafa klippt hann í burtu. Þá sá ég að það er miklu hagstæðara að búa úti í Noregi,“ sagði Sigurjón.

SPURNINGAR

- Leseefni. Skipting skattlagningarréttar, laun o. fl.